

Fjölmennningarstefna fyrir leikskóla í Reykjavík



Menntasvið Reykjavíkurborgar
2006

Fjölmenningarstefna fyrir leikskóla í Reykjavík

Samþykkt í menntaráði 19. janúar 2006

Menntasvið Reykjavíkurborgar
2006

Endurskoðun fjölmenningsstefnu leikskóla Reykjavíkur

Árið 2001 settu Leikskólar Reykjavíkur fram fjölmenningsstefnu sína og fylgdu þar eftir þeim áherslum sem fram komu í Fjölmenningsstefnu Reykjavíkur sama ár. Gert var ráð fyrir endurskoðun stefnunnar árið 2004. Í byrjun árs 2004 var skipað í nefnd til að endurskoða fjölmenningsstefnuna. Fyrsti fundur nefndarinnar var 29. janúar 2004. Í nefndinni voru: Ana Isorena Atlason leikskólanum Fálkaborg, Fríða B. Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri Lækjaborg, Kristín Einarsdóttir leikskólastjóri Garðaborg, Steinunn Hjartardóttir þjónustustjóri Leikskóla Reykjavíkur og Kolbrún Vigfúsdóttir leikskólaráðgjafi stjórnandi nefndarinnar.

Þar sem vinna við endurskoðunina var talsvert tímafrek, tókst ekki að ljúka henni fyrr en í mars 2005. Leitað var til eftirtalinna sérfræðinga varðandi skilgreiningu hugtaka sem sett eru fram í stefnunni: Ingibjörg Hafstað hjá Fjölmenningu, Hönnu Ragnarsdóttur lektors við KHÍ, Birnu Arnbjörnsdóttur lektor við Háskóla Íslands og Einars Skúlasonar forstöðumanns Alþjóðahúss.

Fyrsta tillaga nefndarinnar að endurskoðaðri fjölmenningsstefnu var send eftirtöldum deildum hjá Leikskólum Reykjavíkur til umsagnar: Leikskóladeild, Ráðgjafar- og sálfræðideild og Starfsþróunardeild.

Drög að fjölmenningsstefnu Menntasviðs Reykjavíkur voru send eftirtöldum einstaklingum til umsagnar: Anh-Doao Tran, Amal Tamini, Önnu Guðrúnu Júlíusdóttur, Barböru Jean Kritvinsson, Birnu Arnbjörnsdóttur, Hönnu Ragnarsdóttur, Ingibjörgu Hafstað, Róbert Jack, Toshiki Toma og Susane Torpe.

Reykjavík í apríl 2005
Kolbrún Vigfúsdóttir leikskólaráðgjafi.

STEFNA MENNTASVIÐS REYKJAVÍKUR

Leikskólar á Menntasviði Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum og aðalnámskrá leikskóla sem gerir ráð fyrir að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú. Leikskólar Menntasviðs Reykjavíkur vinna samkvæmt hugmyndafræðinni *skóli án aðgreiningar*. Hverjum leikskóla er því ætlað að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns í kennsluaðferðum og skipulagi.

Leikskólar Menntasviðs Reykjavíkurborgar framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmennningarlegt samfélag og aðalskrifstofa Menntasviðs skilar árlega skýrslu til Þróunar- og fjölskyldusviðs Ráðhússins.

SKILGREINING HUGTAKA Í FJÖLMENNINGARSTEFNUNNI

Innflytjendur/börn innflytjenda

Þegar talað er um innflytjendur er átt við fólk sem flutt hefur til Íslands og dvelur á landinu tímabundið eða til frambúðar. Börn innflytjenda eru ýmist fædd erlendis eða hér á landi.

Móðurmál

Móðurmál er það/þau tungumál sem talað/töluð eru af þeirri fjölskyldu sem barn elst upp hjá. Barn getur átt fleiri en eitt móðurmál.

Viðbótarmál

Viðbótarmál kallast það/þau tungumál sem barn lærir næst á eftir móðurmáli. Á Íslandi er íslenska annað/þriðja tungumál barna af erlendum uppruna.

Tvítyngd/fjöltýngd börn

Tvítyngdur einstaklingur talar tvö tungumál og fjöltýngdur er sá sem talar þrjú eða fleiri tungumál.

Fjölmennningarlegt samfélag í leikskóla

Þegar talað er um fjölmennningarlegt samfélag í þessari stefnu er átt við samfélag þar sem eiga sér stað virk samskipti milli innflytjenda og innfæddra Íslendinga í leikskólunum. Í fjölmennningarlegu samfélagi leika og starfa mismunandi einstaklingar saman ekki einungis hlið við hlið. Þeir standa jafnfætis, bera gagnkvæma virðingu hver fyrir öðrum og vinna saman að uppbyggingu hins fjölmennningarlega samfélags leikskólans.

Starfsmenn

Þegar talað er um starfsmenn í stefnu þessari gildir einu hvort um er að ræða leikskólakennara, annað uppeldismenntað fólk eða leiðbeinendur. Þar sem allir starfsmenn leikskólans koma að uppeldi og kennslu barnanna og foreldrasamvinnu, er eitt hugtak notað yfir allan hópinn.

FORELDRASAMSTARF – MÓTTAKA - AÐLÖGUN

Foreldrasamvinna byggir á skilningi og viðurkenningu á mikilvægi heimilisins í félagslegri mótun barna. Það er sameiginleg ábyrgð heimilis og menntakerfis að undirbúa barn fyrir líf og starf í lýðræðislegu og fjölbreyttu samfélagi. Starfsfólk leikskóla lítur því á foreldra og fjölskyldur sem samstarfsaðila í uppeldis- og menntastarfi og leitar bestu leiða til að mæta þörfum og óskum hvernar fjölskyldu með samvinnu og opnum gagnkvæmum tjáskiptum. Lögð er áhersla á að líta á hvern og einn sem einstakling til þess að forðast staðalmyndir.

Móttaka / fyrsta viðtal

Í foreldrasamstarfi ber leikskólum að vinna gegn hvers konar fordómum og misrétti.

- Í fyrsta viðtal við foreldra er boðið upp á tálkaþjónustu þegar þörf krefur, en þó ávallt í samráði við foreldra.
- Í fyrsta viðtali upplýsa starfsmenn foreldra af erlendum uppruna um lög og reglur sem gilda um réttindi barna og foreldra í íslensku samfélagi, veita greinargóðar upplýsingar um eðli og tilgang leikskólastarfsins og kynna þá uppeldisstefnu sem leikskólinn vinnur eftir.

Aðlögun

Það er erfið reynsla að byrja í leikskóla þar sem talað er annað tungumál en börnin þekkja og umhverfið e.t.v. framandi. Mikilvægt er að hafa í huga að aðlögun barns í leikskóla getur verið mikið álag fyrir foreldra, kennara og önnur börn í leikskólanum.

- Gera þarf ráð fyrir lengri aðlögunartíma fyrir þau börn sem ekki skilja íslensku og tryggja þeim móttöku og stuðning við hæfi.

Upplýsingar til foreldra

Upplýsingar um starfsemi leikskóla eru til á ýmsum tungumálum.

- Leikskólar skulu leggja áherslu á að veita sem jafnast aðgengi að allri þjónustu og stuðningi með því að láta þýða skilaboð og aðrar upplýsingar til foreldra.
- Kappkosta skal að koma daglegum upplýsingum um starfsemi leikskólans og líðan barna á framfæri við foreldra eins vel og kostur er.

STUÐNINGUR – KENNSLURÁÐGJÖF

Menntasvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að auka og efla sérfræðipjónustu sem tekur til þátta eins og foreldrasamstarfs, kennslu íslensku sem viðbótarmáls og vinnu með menningu og móðurmál barna af erlendum uppruna.

Verkefni kennsluráðgjafa

Til þess að starfsmenn í leikskóla geti sem best sinnt þörfum barna af erlendum uppruna er nauðsynlegt að þeir fái, auk fræðslu um þann þátt leikskólastarfsins, gott aðgengi að stuðningi og kennsluráðgjöf frá fagaðilum.

- Kennsluráðgjafi veitir ráðgjöf og stuðning við mat á íslenskukunnáttu barna af erlendum uppruna og aðstoðar við skipulag kennslu og örvun íslensku. Hann veitir ráðgjöf varðandi samskipti og samvinnu við foreldra og um vinnu með heimamenningu barna. Einnig veitir kennsluráðgjafi ráðgjöf og stuðning við vinnu gegn fordómum og mismunun.

ÍSLENSKUKENNSLA

Leikskólaganga barna af erlendum uppruna leggur mikilvægan grunn að kunnáttu þeirra í íslensku og skilningi á íslensku samfélagi. Þar kynnast börnin íslensku tungumáli, íslensku samfélagi, siðum og venjum. Sá grunnur er grundvöllur þess að þau geti notið áframhaldandi skólagöngu og þess sem íslenskt samfélag hefur upp á að bjóða.

Þar sem tvítyngd börn á öllum skólastigum eiga oft í erfiðleikum við að standa jafnfætis íslenskum jafnöldrum sínum í námi, þarf að tryggja að íslenskukennsla sé strax í upphafi miðuð við þarfir þeirra.

- Menntasvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á góða íslenskukennslu í leikskólum fyrir börn af erlendum uppruna.
- Kennsla annars tungumáls fer fram í leik og öllu almennu starfi leikskólans í gegnum samskipti milli barna og kennara og í barnahópnum. Börn á leikskólaaldri læra tungumál fyrst og fremst af raunverulegum aðstæðum sem þau eru þátttakendur í og þess vegna hafa allir starfsmenn leikskólans hlutverki að gegna í tungumálakennslunni. Auk þess tungumálanáms sem fer fram í leik og starfi, þá eiga öll börn kost á sérstakri þjálfun ef nauðsyn ber til og því er gerð einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn.
- Einstaklingsnámskrá er unnin í samvinnu við foreldra, út frá mati á stöðu barnsins og framförum og þar kemur fram hvernig námi barnsins og samvinnu við foreldra er háttað.

Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að starfsmenn öðlist ákveðna færni til að kenna íslensku sem annað tungumál og meta framfarir barnanna í íslensku. Við mat á málþroska barns sem hefur annað móðurmál en íslensku, þarf að taka tillit til þess að um er að ræða barn sem ekki hefur fullan skilning á íslensku. Í slíkum tilvikum þarf að leggja áherslu á að vinna matið með aðstoð túlks.

TVÍTYNGI / FJÖLTYNGI

Margar rannsóknir sýna fram á mikilvægi þess fyrir einstaklinginn að tala og skilja mál foreldra sinna og eiga sér sterkt móðurmál. Börn af erlendum uppruna sem hefja leikskólagöngu eiga mismunandi bakgrunn sem hefur áhrif á máltöku þeirra bæði í móðurmáli og íslensku. Börnin alast upp við eitt, tvö eða fleiri tungumál á heimili sínu og í sumum tilfellum er íslenska þar á meðal. Verkefni leikskólans er að kenna börnunum íslensku en auk þess að styrkja foreldra til að viðhalda móðurmálinu hjá þeim.

- Menntasvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á mikilvægi þess að börn af erlendum uppruna þrói með sér tvítyngi. Markmiðið er að börnin geti viðhaldið þeim tungumálum sem töluð eru af foreldrum en læri íslenskuna sem viðbótarmál.
- Leggja skal áherslu á mikilvægi móðurmálsins við foreldrana og hvetja þá til að viðhalda móðurmáli/-um barnsins, nýta sér móðurmálskennslu fyrir barnið og stuðla þannig að tvítyngi þess. Starfsmenn skulu hvetja foreldra til að tala móðurmálið við barnið sitt og skipuleggja sameiginleg verkefni sem stuðla að þjálfun móðurmálsins.
- Í leikskólanum er reynt að gera móðurmál barnsins sýnilegt og heyranlegt með aðstoð foreldra og þeir hvattir til að kynna tungumál sitt fyrir börnum og kennurum í leikskólanum.

MENNINGARLEG FJÖLBREYTNÍ

Menntasvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að leikskólarnir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins og virði þá fjölbreytni sem í nemenda- og foreldrahópnum er. Í samfélagi mismunandi menningarhópa er mikilvægt að allir beri gagnkvæma virðingu hver fyrir öðrum og vinni saman að uppbyggingu fjölmenningslegs samfélags.

Mikilvægt er að starfsmenn leggi sig fram við að kynnast menningarlegum bakgrunni og heimamenningu allra barna og foreldra.

- Í leikskólum skal leggja áherslu á foreldrasamstarf sem byggir á fjölmenningslegum viðhorfum og skapa umhverfi sem endurspeglar fjölbreytileikann. Leikskólinn skal leggja rækt við að ná góðu sambandi við foreldra í þeim tilgangi að gera heimamenningu þeirra sýnilega öllum börnum leikskólans og stuðla að eðlilegri samvinnu milli foreldra af ólíkum uppruna.
- Í leikskólanum skal sinna börnum út frá þörfum og sérkennum hvers og gildir þá einu hvort þau er innfæddir Íslendingar eða af erlendum uppruna.
- Leikskólinn skal leggja áherslu á að efla áhuga og möguleika foreldra til að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu og öllu því sem viðkemur menntun barnsins.
- Í námskrá hvers leikskóla kemur fram á hvern hátt hann sinnir fjölmenningsþættinum í leikskólastarfinu, þ.e. samstarfi við foreldra af erlendum uppruna, kennslu og málörvun í íslensku, vinnu með heimamenningu barnanna, umhverfi og efnivið leikskólans.

SÍMENNTUN OG FRÆÐSLA TIL STARFSMANNA

Leikskólarnir skulu leggja áherslu á að bjóða starfsmönnum uppá fræðslu varðandi fjölmennningarlegt starf í leikskóla og aðra þætti er varða uppeldi og menntun barna af erlendum uppruna og samvinnu við foreldra þeirra.

Sem dæmi um fræðslu af þessu tagi má nefna:

- Foreldrasamvinnu, móttöku og upplýsingagjöf til foreldra og mikilvægi móðurmáls fyrir máltöku annars tungumáls.
- Máltöku viðbótarmáls.
- Kennslu í íslensku sem viðbótarmáli og aðferðir við að meta færni og framfarir barna í íslensku.
- Fjölmenningu, fjölmennningarlegt samfélag og fjölmennningarlegan leikskóla.
- Menningarlæsi og samskipti við fólk frá öðrum menningarsvæðum.
- Vinnu gegn mismunun/fordómafræðsla.
- Fræðslu og þjálfun kennara í að vinna með túlkum.
-

RÁÐNING ERLENDRA STARFSMANNA

Viðmið við ráðningu

Menntasvið Reykjavíkur setur eftirfarandi viðmið varðandi ráðningu starfsmanna af erlendum uppruna.

- Ráðningarviðtal skal alltaf fara fram á íslensku.
- Ganga skal úr skugga um að dvalar- og atvinnuleyfi sé í gildi.

Starfsmönnum af erlendum uppruna er bent á að nám í íslensku getur verið hluti af símenntun þeirra. Að öðru leyti gilda sömu reglur um ráðningu starfsmanna af erlendum uppruna og íslenska starfsmenn.

Móttaka starfsmanna af erlendum uppruna

Í fræðsluáætlun og móttökuáætlun starfsmanna er gert ráð fyrir fræðslu um lög og reglur er varða börn og barnauppeldi, einnig um hefðir í samskiptum við börn á Íslandi.

- Haldin er sérstök kynning fyrir erlenda starfsmenn sem eru að hefja störf í leikskóla.

MÖRG BÖRN AF ERLENDUM UPPRUNA Í LEIKSKÓLA

Nauðsynlegt getur verið að veita leikskólum aðstoð ef þar dvelja mörg börn af erlendum uppruna.

- Fari fjöldi barna af erlendum uppruna yfir 20% af heildarfjölda barna í leikskólanum er gripið til aðgerða ef með þarf. Kennsluráðgjafi skal meta þörfina í hverju tilviki út frá samsetningu barnahópsins. Um getur verið að ræða fækkun barna á deild, fjölgun kennara í leikskólanum eða annar stuðningur sem matsaðili telur viðeigandi.

ÞYÐINGAR

- Menntasvið Reykjavíkur leggur áherslu á að þýða dvalarsamninga og aðrar upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar á erlend tungumál. Þær þarf að gera

aðgengilegar foreldrum með því að birta upplýsingar á heimasíðu á erlendum tungumálum auk íslensku og gefa út upplýsingabæklinga um tilgang og starfsemi leikskólanna á mismunandi tungumálum.

- Menntasvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við aðrar borgarstofnanir, lætur hanna og dreifa veggspjöldum með upplýsingum til foreldra á ýmsum tungumálum. Veggspjöldin bjóða foreldra velkomna og veita upplýsingar um ýmsa þætti í íslensku samfélagi.

SAMVINNA VIÐ AÐRAR STOFNANIR

- Menntasvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á samvinnu þegar unnið er að málefnum barna og foreldra af erlendum uppruna.

Þannig á t.d. kennsluráðgjafi á þjónustumiðstöð samvinnu við ýmsa ráðgjafa, s.s. frá grunnskólum, ÍTR, félagsþjónustu og heilsugæslu eftir því sem við á, t.d. þegar skipulögð er sameiginlega fræðsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar eða unnið að rannsóknnum og/eða þróunarverkefnum. Kennsluráðgjafi starfar í samvinnu við Alþjóðahús, Rauða krossinn, prest innflytjenda, lögreglu og fleiri aðila.

Jafnframt tekur kennsluráðgjafi þátt í starfi samráðshóps í Ráðhúsi Reykjavíkur.